

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson, skipulagsfulltrúi
Ásgarður Kjós
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 25. apríl 2022
Tilvísun: 202202002 / 3.4

Efni: Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkos, Kjósahreppur

Kjósahreppur hefur, með erindi dags. 1. apríl 2022, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 25. júní 2021. Ein athugasemd barst á kynningartíma auk umsagna frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn, 1. desember 2021.

Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru sex íbúðarlóðir og tvær verslunar- og þjónustulóðir á alls 20 ha svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint fyrir íbúðarbyggð (Íb9b), opið svæði og verslun og þjónusta (VP8). Gert er ráð fyrir smábátahöfn ásamt aðstöðu fyrir sjóböð og fræðslu- og fuglaskoðunarskála. Aðkoma að íbúðarlóðum er um veginn Blómstursvelli af Bolaklettsvegi (4989) og aðkoma að verslun og þjónustulóðum verður um nýjan veg Hestaþingshól. Báðar aðkomurnar tengjast Hvalfjarðarvegi.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og upprætti í mkv. 1:2000, dags. 26. apríl 2021, breytt 22. nóvember 2021 og 21. janúar 2021.

Í fyrri afgreiðslu stofnunarinnar dags. 10. mars 2022 var ekki tekin afstaða til deiliskipulagsins þar sem ekki væri ljóst hvort brugðist hefði verið efnislega við athugasemdum sem bárust á kynningartíma. Stofnuninni bárust ný gögn, viðbrögð sveitarfélagsins 22. mars 2022 og viðbótargögn dags. 1. apríl 2022.

Skipulagsstofnun gerir því ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.


Berglind Sigurðardóttir